

Fjárfestingarstefna

Lífsvalls Lífeyrissparnaðar fyrir árið 2026

Efnisyfirlit

Grundvöllur fjárfestingarstefnu.....	3
Yfirlit yfir Lífsválsleiðir	3
Reglur um fjárfestingarstefnuna	3
Sjóðfélagar.....	4
Fjárfestingaákvæðanir.....	4
Siðferðileg viðmið.....	4
Efnahagshorfur og aðstæður á mörkuðum	4
Lífsvál 1	8
Lífsvál 2	10
Lífsvál 3	12
Lífsvál 4	14
Viðauki – fylgiskjöl FME	17

Grundvöllur fjárfestingarstefnu

Yfirlit yfir Lífsvallsleiðir

Lífsvall býður sjóðfélögum sínum að ávaxta séreignarsparnað sinn í dreifðum eignasöfnum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem sjóðfélagar kjósa.

Lífsvall 1

Ávöxtun eignasafns er eingöngu í verðtryggðum innlánnum.

Lífsvall 2

Lífsvall 2 ávaxtar í verðbréfum með ríkisábyrgð og innlánnum. Einnig fjárfest í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum.

Lífsvall 3

Lífsvall 3 ávaxtar í verðbréfum með ríkisábyrgð og innlánnum. Einnig fjárfest í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum.

Lífsvall 4

Lífsvall 4 ávaxtar í verðbréfum og hlutabréfum. Einnig er ávaxtað í innlánnum ef aðstæður gefa tilefni til.

Lífsvallsleiðin

Sjóðfélagi getur valið Lífsvallsleiðina sem fjárfestingarleið og þá færist sparnaður á milli Lífsvallsleiða eftir lífaldri rétthafa.

Valkvæðaleiðin

Sjóðfélagi getur valið Valkvæðu leiðina sem fjárfestingarleið og þá getur rétthafi skipt sparnaði sínum á milli Lífsvallsleiða 1-4.

Nafn- og raunávöxtun fjárfestingarleiða Lífsvalls

Fjárfestingarleiðir	Ávöxtun 2024		Meðalávöxtun sl. 10 ár	
	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Lífsvall 1	6,4%	1,5%	5,6%	1,4%
Lífsvall 2	8,5%	3,5%	5,6%	1,4%
Lífsvall 3	12,1%	7,0%	6,6%	2,4%
Lífsvall 4	14,1%	8,9%	6,9%	2,7%

Reglur um fjárfestingarstefnuna

Um fjárfestingarstefnu séreignarsparnaðar Lífsvalls gilda lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum og reglugerðar nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar með síðari breytingum.

Sjóðfélagar.

Í þessari fjárfestingarstefnu eru tiltekin þau mörk og viðmið sem gilda um stýringu eignasafna Lífsvalls í þágu hagsmuna sjóðfélaga.

Sjóðfélagar geta fylgst með réttindum sínum með rafrænum hætti á sjóðfélagavef Lífsvalls ásamt markaðshorfum og öðrum upplýsingum. Þeir sem hafa ekki þegar afþakkað pappír fá tvisvar á ári send yfirlit heim með yfirliti réttinda ásamt markaðshorfum.

Fjárfestingaákvörðanir

Við eignastýringu eru fjárfestingarkostir metnir með tilliti til arðsemi og áhættu. Ákvörðanir um fjárfestingar eru teknar með tilliti til efnahagshorfa, aðstæðna á mörkuðum ásamt gæðum lausafjárstöðu og arðsemi eignasafns hverrar leiðar fyrir sig. Sjóðfélagar geta flutt inneign sína til annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar en áhætta af því er engin umfram markaðsáhættu undirliggjandi eigna.

Siðferðileg viðmið

Meginhlutverk Lífsvalls lífeyrissjóðs er að ávaxta eignir sjóðfélaga samkvæmt hans vali á hagkvæman hátt.

Lífsvall gerir kröfu um að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra.

Vörsluaðili leiðarinnar skal sýna aðgát, kostgæfni og skilvirkni í störfum sínum og leitast við að tryggja bestu niðurstöðu fyrir sjóðfélaga.

Nokkur af helstu siðferðislegu viðmiðum sem vörsluaðili hefur sett sér kveða á um sjálfstæði í ákvörðunartöku sem leiðir til þess að sjóðfélagi skal alltaf vera í fyrsta sæti. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsfólk vörsluaðila skuli vera meðvitað um áhættu í fjárfestingum en það felur ekki endilega í sér áhættufælni heldur að skilja þá áhættuþætti sem fjárfesting getur haft í för með sér. Starfsfólk eignastýringar vörsluaðila mun ekki fjárfesta í fjárfestingarkostum sem það skilur ekki og þar með getur ekki metið áhættuna.

Efnahagshorfur og aðstæður á mörkuðum

Hér er tekið mið af stöðunni í lok nóvember 2025.

Innlendar efnahagshorfur

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði vexti um 0,25% þann 19. nóvember og standa því meginvextir Seðlabankans í 7,25%. Þó verðbólga hafi verið þrálát í kringum 4% í tæpt ár þá sér Seðlabankinn skýrari merki um viðsnúning í efnahagslífinu.

Helstu greiningaraðilar gerðu ráð fyrir óbreyttum stýrivöxtum, aðallega sökum þess að verðbólga sé enn yfir 4% vikið Seðlabankans. Nefndin hefur undanfarið lagt

mikla áherslu á að frekari vaxtalækkunar verði ekki að veruleika nema að verðbólga fari sannfærandi í átt að verðbólguþröngun.

Síðustu vikur og mánuðir hafa neikvæðar fréttir dunið á efnahagslífinu. Þar má nefna framleiðslustöðvun álversins á Grundartanga, lokun kísilverksmiðju PCC á Bakka, verndaraðgerðir Evrópusambandsins gagnvart kísiljárnútflýttjendum og synjun markaðsleyfis Alvotek fyrir nýrri líftækniyfjahliðstæðu við Simponi. Gjaldþrot flugfélagsins Play í lok september virðist svo hafa leitt til 6% fækkunar ferðamanna í október frá fyrra ári. Einnig ber að nefna væntan samdrátt í aflamarki uppsjávartegunda. Fréttir af hópuppsögnum fara fjölgandi, þá einna helst í ferðaþjónustutengdri starfsemi og fiskvinnslu.

Hæstiréttur dæmdi í vaxtamáli sem Neytendasamtökin hafa rekið fyrir dómstólum um miðja október og má segja að fjármálaleg skilyrði heimilanna hafi þrengst nokkuð og þar með taumhald peningastefnunnar. Framboð verðtrygðra lána hefur minnkað umtalsvert í kjölfar dómsins.

Þessi röð áfalla ásamt umróti á innlendum lánamarkaði í kjölfar dóms Hæstaréttar vegur þungt í nýrri spá seðlabanks sem gefur til kynna að það hægi meira á hagvexti en áður var talið og samhliða því að verðbólga komi hraðar niður. Samkvæmt grunnspeki Seðlabankans er búist við að hagvöxtur verði 1,6% á árinu 2026 sem er 0,5 prósentum minna en spáð var í ágúst. Einkum má rekja breytinguna til óhagstæðari þróunar utanríkisviðskipta í kjölfar áfalla í útflutningsgreinum sem áætlað er að minnki hagvöxt ársins um tæplega 1 prósentu.

Ávöxtunarkrafan ríkisverðbréfa hefur þokast niður undanfarin misseri í ljósi væntinga um hægari efnahagsumsvifa í hagkerfinu og þar með væntingar um hraðari vaxtalækkunir á næsta ári. Við teljum því góð tækifæri í skuldabréfum þar sem verðlagning á markaði gerir ráð fyrir mjög hóflegum vaxtalækkunum á næstu tveimur til þremur árum.

Innlend hlutabréf

Eins og fram hefur komið eru blikur eru á lofti í íslensku efnahagslífi. Vaxtalækkunir styðja almennt við eignaverð á mörkuðum. Íslenskur hlutabréfamarkaður endurspeglar ekki beint íslenskt atvinnulíf og ofangreind veikleikamerki munu hafa hófleg áhrif á mörg félög í Kauphöllinni líkt og síðustu uppgjör sýna svart á hvítu.

Rekstur margra félaga gengur vægast sagt vel og verða flest þeirra að teljast hóflega verðlögð eins og sakir standa. Grunnrekstur bankanna er traustur en arðsemi Arion banka og Íslandsbanka er yfir markmiðum stjórnenda á sama tíma og eiginfjárstaða þeirra er feiknasterk. Arðgreiðslugeta þeirra hleypur á tugum milljarða og fyrirhugaðir samrunar Arion banka við Kviku banka og Íslandsbanka og Skaga bjóða upp á umtalsverð samlegðaráhrif fyrir hluthafa.

Grunnrekstur tryggingafélaganna er einnig sterkur en afkoma af tryggingarekstri hefur verið með besta móti og samsett hlutföll félaganna um og undir 90% það sem af er ári. Dagvörurarnir Festi og Hagar hafa nú ítrekað hækkað afkomuspár sínar

undanfarin misseri en allir starfsþættir félaganna hafa skilað góðri afkomu samhliða batnandi framlegð. Þar að auki eru samlegðaráhrif vegna kaupa Festi á Lyfju og útrásar Haga til Færeyja ekki að fullu komin fram í rekstri félaganna.

Fasteignafélögin standa traustum fótum en verðtryggðir leigusamningar skila sínu á tímum sem þessum. Félögunum hefur almennt gengið vel að koma útleigueiningum í vinnu og er raunvöxtur leigutekna allnokkur það sem af er ári, en öll sjá þau tækifæri til þó nokkurs vaxtar næstu árin. Ef fjárfestar fara líta til annarra kosta en innlána í aðdraganda vaxtalækkanna eru margvísleg tækifæri á innlendum hlutabréfamarkaði, sérstaklega eftir þær hræringar sem höfum staðið frammi fyrir á markaðnum síðustu daga og vikur.

Erlendir markaðir

Miklar fjárfestingar til að styðja við ótrúlegan vöxt í notkun gervigreindar hafa örvað umsvif í hagkerfum heims á árinu. Mörg af stærstu fyrirtækjum heims keppast við að vera sem fremst í þróuninni og eyða miklu af sínu sjóðstreymi í t.d. örgjörva, gagnaver og orku.

Eftir marga áratugi af alþjóðavæðingu eru stærstu lönd og efnahagssvæði heims að róa að því öllum árum að vera minna háð öðru bæði hernaðarlega og efnahagslega. Þó þetta feli vissulega í sér óvissu og kostnað þá eru áhrifin til þess fallin að örva hagkerfi heimsins. Alþjóðleg fyrirtæki hafa sýnt mikla aðlögunarhæfni þegar kemur að breyttu landslagi í tollamálum og skerðingu á aðfangakeðjum, hvort sem það er vegna útflutningsbanna á tækni eða sjaldgæfra málma.

Allir helstu seðlabankar heims eru í vaxtalækkunarferli, að þeim japanska undanskildum, sem styður bæði við eignaverð og hagvöxt.

Ofangreint hefur allt stutt við hlutabréfamarkaði á árinu og nú hefur Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World) hækkað um 15,5% á árinu (miðað við 20. nóv 2025) í dollurum en þar sem íslenska krónan hefur styrkst töluvert og þá sérstaklega gagnvart dollar er ávöxtunin 5,6% í íslenskum krónum. Öfugt undanfarinn áratug hefur það ekki verið bandarískur hlutabréfamarkaður sem hækkar mest, en í dollurum hefur nýmarkaðsvísitala hlutabréfa (MSCI EM) hækkað um 30,8% á árinu miðað við 20. nóv (19,9% í ISK) og evrópska vísitalan STOXX Europe 600 hefur hækkað um 27,8% (17,2% í ISK) á árinu.

Stýrivextir í Evrópu standa nú í 2% en verðbólga í Evrópu hefur verið nokkuð stöðug nálægt 2% í meira en ár á meðan hún hefur reynst þrálátari vestanhafs eða í nálægt 3%. Eftir síðustu lækkun í Bandaríkjunum eru stýrivextir 4,0% en gert ráð fyrir að þeir lækki niður í um 3,25% næsta árið en haldist nær óbreyttir í Evrópu.

Við væntum þess að mikil fjárfesting fyrirtækja og ríkja heims muni halda áfram að styðja við hagkerfi og eignamarkaði en verðlagning ákveðinna fyrirtækja og möguleiki á efnahagsmistökum ríkja og seðlabanka (t.d. tengt skuldsetningu ríkja og óhæði seðlabanka) gefur tilefni til að huga enn betur að góðri dreifingu eignasafna.

Vörsluaðili Lífsvals

Vörsluaðili Lífsvals 2, Lífsvals 3 og Lífsvals 4 er Kvika hf., kennitala 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Birting fjárfestingarstefnu

Lífsvál birtir árlega uppfærða fjárfestingarstefnu á vefsíðu Lífsvals, www.lifsvall.is

Lífsvall 1

Innlán ávöxtunarleiðarinnar eru eingöngu í formi verðtryggða innlánsreikninga.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjárfestingarstefnu séreignarsparnaðar Lífsvalls 1. Leiðin er eingöngu í verðtryggðum innlánnum. Ítarlegri tafla séreignarsparnaðar Lífsvalls 1 skv. tegundaflokkun 1. – 6. töluliðar 36. gr. laga nr. 129/1997 má sjá í viðauka fjárfestingarstefnunnar.

Eignaflokkur	Markmið 2021	Vikmörk
Lausafé	100%	100%
Skuldabréf	0,0%	0,0%
Ríkisskuldabréf	0%	0%
Fyrirtækjaskuldabréf	0%	0%
Skuldabréf lánastofnana	0%	0%
Skuldabréf sveitarfélaga	0%	0%
Erlend skuldabréf	0%	0%
Blandaðir skuldabréfasjóðir	0%	0%
Hlutabréf	0,0%	0,0%
Innlend hlutabréf	0%	0%
Erlend hlutabréf	0%	0%
Samtals	100,0%	

Markmið um erlendar eignir	0,0%	0,0%
-----------------------------------	-------------	-------------

Ávöxtunarleiðin fjárfestir eingöngu í innlánnum í íslenskum krónum hjá fjármálafyrirtækjum með starfsleyfi sem sparisjóðir og viðskiptabankar á Íslandi. Heimilt er að geyma eignir í innlánnum í einum banka eða sparisjóði.

Umfjöllun um skilyrði 9 gr. rg. 916/2009:

- Ávöxtunarmarkmið leiðarinnar miðast við að ávöxtun sé ekki lakari en ávöxtun bestu almennra innlánsreikninga á hverjum tíma. Ávöxtunarleiðin byggir á þeirri forsendu að ákjósanlegt sé að stefna að öruggri langtímaávöxtun með verðtryggðum innlánnum.
- Ákvæði um hámarksfjárfestingu í fjármálagerningum og innlánnum útgefnum af sama aðila. Á ekki við.
- Hámarksfjárfesting í fasteignatryggðum skuldabréfum. Á ekki við.
- Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra félaga. Á ekki við.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild hans (UCITS). Á ekki við.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra. Á ekki við.
- Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags. Á ekki við.

- h) Hámarksfjárfesting í samtölu tveggja eða fleiri tegundaflokka hafi vörsluaðili sett sér slíkt markmið. Á ekki við.
- i) Viðmið um notkun afleiða. Notkun afleiða er ekki heimiluð.
- j) Hlutfall eigna í virkri stýringu. Á ekki við.
- k) Markmið um meðallíftíma skuldabréfablokka. Á ekki við.
- l) Markmið um hlutfall lausafjár. Ávöxtunarleiðin fjárfestir eingöngu í verðtryggðum íslenskum krónum. 100% af heildarmarkaðsvirði leiðarinnar eru í formi innlána.
- m) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu eftir tegundaflokkun og í heild. Leiðin fjárfestir eingöngu í íslenskum krónum.
- n) Markmið um atvinnugreinaskiptingu eignasafns. Á ekki við.

Lífsvall 2

Virk stýring í innlánnum, ríkistryggðum skuldabréfum og hlutabréfum.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjárfestingarstefnu séreignarsparnaðar Lífsvalls 2. Ítarlegri tafla séreignarsparnaðar Lífsvalls 2 skv. tegundaflokkun 1. – 6. töluliðar 36. gr. laga nr. 129/1997 má sjá í fylgiskjali í viðauka fjárfestingarstefnunnar.

Eignaflokkur	Markmið 2021	Vikmörk
Lausafé	2%	0-50%
Skuldabréf	80,0%	30-100%
Ríkisskuldabréf	45%	15-75%
Fyrirtækjaskuldabréf	2%	0-20%
Skuldabréf lánastofnana	15%	0-30%
Skuldabréf sveitarfélaga	2%	0-20%
Erlend skuldabréf	6%	0-30%
Blandaðir skuldabréfasjóðir	10%	0-50%
Hlutabréf	18,0%	0-20%
Innlend hlutabréf	12%	0-20%
Erlend hlutabréf	6%	0-20%
Samtals	100,0%	

Markmið um erlendar eignir	12,0%	0-50%
-----------------------------------	--------------	--------------

Lífsvall 2 er ávöxtunarleið sem hefur það að markmiði að ná öruggri ávöxtun til lengri tíma lítið. Áhersla er lögð á varfærnar fjárfestingar og er stefna leiðarinnar að fjárfesta að stórum hluta í skuldabréfum, einkum íslenskum ríkisskuldabréfum og öðrum traustum innlendum skuldabréfum, auk innlána og skammtímabréfa. Hóflæg heimild er til fjárfestingar í áhættusamari verðbréfum, s.s. hlutabréfum en hámarksfjárfesting leiðarinnar í hlutabréfum og sjóðum með áherslu á hlutabréf skal takmarkast við 20%.

Ávöxtunarleiðin hefur heimild til að fjárfesta í hlutum eða hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingarstefnu allt að 40%.

Ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar að vel ígrunduðu máli og miða að því að hámarka virði eigna leiðarinnar að teknu tilliti til áhættu. Öflug greiningarvinna liggur að baki ákvörðunartöku um fjárfestingar. Á vikulegum fundum fjárfestingaráðs er farið yfir þróun á mörkuðum og þau tækifæri sem til staðar eru. Fundirnir leiða til reglulegs endurmats á eignasamsetningu leiðarinnar. Reynt er eftir fremsta megni að dreifa áhættu á eignaflokka sem hafa neikvæða fylgni og þar með áhættuminni fyrir safnið í heild. Gaumgæfilega er fylgst með áhættu ákveðna þátta svo sem á atvinnugreinar, gjaldmiðla og eignaflokka.

Umfjöllun um skilyrði 9 gr. rg. 916/2009:

- a) Ávöxtunarmarkmið leiðarinnar miðast við að ávöxtun sé ekki lakari en ávöxtun samanburðarvísitalna þeirra eignaflokka sem leiðin fjárfestir í. Ávöxtunarleiðin byggir á þeirri forsendu að ákjósanlegt sé að stefna að öruggri langtímaávöxtun með virkri stýringu innlendra og erlendra skuldabréfa og hlutabréfa. Áhætta leiðarinnar ræðst af flökki verðbréfa á markaði.
- b) Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum og innlánnum útgefnum af sama aðila skal ekki vera meiri en 20% af heildareignum leiðarinnar.
- c) Hámarksfjárfesting í fasteignatryggðum skuldabréfum skal ekki fara yfir 20%.
- d) Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra félaga skal ekki fara yfir 20%.
- e) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild hans (UCITS) er 25%.
- f) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra skal vera undir 20%.
- g) Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags skal ekki vera hærri en 25%.
- h) Hámarksfjárfesting í samtölu tveggja eða fleiri tegundaflokka hafi vörsluaðili sett sér slíkt markmið. Slíkt markmið hefur ekki verið sett annað en sjá má í fylgiskjali í viðauka.
- i) Heimild laga um notkun afleiða verður ekki nýtt af ávöxtunarleiðinni.
- j) Hlutfall eigna í virkri stýringu er 100% að lausafé undanskildu.
- k) Markmið um meðallíftíma skuldabréfa ræðst af vísitölum í viðmiði.
- l) Hlutfall lausafjár getur verið á bilinu 0-75%.
- m) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu eftir tegundaflokkun og í heild. Leiðin fjárfestir að mestu í íslenskum krónum en markmið leiðarinnar er að hafa vægi í verðbréfum skráðum í erlendum gjaldmiðlum í 12% af heildarverðmæti leiðarinnar. Ekki hafa verið sett sérmarkmið varðandi gjaldmiðlasamsetningu einstakra tegundaflokka.
- n) Atvinnugreinaskipting. Varðandi skuldabréf er stefnt að fjárfestingu í innlendum og erlendum skuldabréfum með ríkisábyrgð en einnig traustum sveitarfélögum og stöðugum atvinnugreinum á borð við t.d. fjármálaþjónustu og fasteignarekstur. Hvað varðar erlend hlutabréf ræðst atvinnugreina-skipting af samsetningu heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI AC). Atvinnugreina-skipting á innlendum hlutabréfum ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni þar sem ákveðnar atvinnugreinar eru valdar fremur en aðrar.

Lífsvall 3

Virk stýring í innlánnum, ríkistryggðum skuldabréfum og hlutabréfum.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjárfestingarstefnu séreignarsparnaðar Lífsvalls 3. Ítarlegri tafla séreignarsparnaðar Lífsvalls 3 skv. tegundaflokkun 1. – 6. töluliðar 36. gr. laga nr. 129/1997 má sjá í fylgiskjali í viðauka fjárfestingarstefnunnar.

Eignaflokkur	Markmið 2021	Vikmörk
Lausafé	2%	0-50%
Skuldabréf	58,0%	20-100%
Ríkisskuldabréf	33%	10-75%
Fyrirtækjaskuldabréf	0%	0-20%
Skuldabréf lánastofnana	10%	0-30%
Skuldabréf sveitarfélaga	0%	0-20%
Erlend skuldabréf	5%	0-30%
Blandaðir skuldabréfasjóðir	10%	0-50%
Hlutabréf	40,0%	0-50%
Innlend hlutabréf	22%	0-50%
Erlend hlutabréf	18%	0-50%
Samtals	100,0%	

Markmið um erlendar eignir	23,0%	0-50%
-----------------------------------	--------------	--------------

Lífsvall 3 er ávöxtunarleið sem hefur það að markmiði að ná öruggri ávöxtun til lengri tíma litið. Leiðinni er stýrt með virkum hætti. Stefna leiðarinnar er að fjárfesta um helmingi leiðarinnar í skuldabréfum, einkum íslenskum ríkisskuldabréfum og öðrum traustum innlendum skuldabréfum, auk innlána og skammtímabréfa.

Jafnframt hefur ávöxtunarleiðin heimild til að fjárfesta í innlánnum fjármálafyrirtækja að hámarki 50% af markaðsvirði leiðarinnar á hverjum tíma. Heimilt er að geyma eignir í innlánnum í einum banka eða sparisjóði.

Ávöxtunarleiðinni er heimilt að fjárfesta í almennum verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum sem hafa heimild til að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu og vörn, til að draga úr áhættu. Heimildirnar taka mið af reglum um afleiðunotkun verðbréfasjóða eins og hún er skilgreind í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Afleiðustöðum skal ávallt umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu og þær verða á öllum tímum að falla að fjárfestingarstefnu viðkomandi ávöxtunarleiðar.

Markmið vörsluaðila er að öll verðbréf ávöxtunarleiðarinnar séu seljanleg á markaði með litlum fyrirvara og er það mat vörsluaðila að þetta dragi úr áhættu vegna flutnings sjóðfélaga til annarra vörsluaðila og framtíðargreiðsluflæðis til sjóðfélaga.

Ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar að vel ígrunduðu máli og miða að því að hámarka virði eigna leiðarinnar að teknu tilliti til áhættu. Öflug greiningarvinna liggur að baki ákvörðunartöku um fjárfestingar. Á vikulegum fundum fjárfestingaráðs er farið yfir þróun á mörkuðum og þau tækifæri sem til staðar eru. Fundirnir leiða til reglulegs endurmats á eignasamsetningu leiðarinnar. Reynt er eftir fremsta megni að dreifa áhættu á eignaflokka sem hafa neikvæða fylgni og þar með áhættuminni fyrir safnið í heild. Gaumgæfilega er fylgst með áhættu ákveðna þátta svo sem á atvinnugreinar, gjaldmiðla og eignaflokka.

Umfjöllun um skilyrði 9 gr. rg. 916/2009:

- a) Ávöxtunarmarkmið leiðarinnar miðast við að ávöxtun sé ekki lakari en ávöxtun samanburðarvísitalna þeirra eignaflokka sem leiðin fjárfestir í. Ávöxtunarleiðin byggir á þeirri forsendu að ákjósanlegt sé að stefna að öruggri langtímaávöxtun með virkri stýringu innlendra og erlendra skuldabréfa og hlutabréfa. Áhætta leiðarinnar ræðst af flökti verðbréfa á markaði.
- b) Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum og innlánnum útgefnum af sama aðila skal ekki vera meiri en 20% af heildareignum leiðarinnar.
- c) Hámarksfjárfesting í fasteignatryggðum skuldabréfum skal ekki fara yfir 20%.
- d) Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra félaga skal ekki fara yfir 20%.
- e) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild hans (UCITS) er 25%.
- f) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra skal vera undir 20%.
- g) Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags skal ekki vera hærri en 25%.
- h) Hámarksfjárfesting í samtölu tveggja eða fleiri tegundaflokka hafi vörsluaðili sett sér slíkt markmið. Slíkt markmið hefur ekki verið sett annað en sjá má í fylgiskjali í viðauka.
- i) Heimild laga um notkun afleiða verður ekki nýtt af ávöxtunarleiðinni.
- j) Hlutfall eigna í virkri stýringu er 100% fyrir utan lausafé.
- k) Markmið um meðallíftíma skuldabréfa ræðst af vísitölum í viðmiði.
- l) Markmið um hlutfall lausafjár. Hlutfall lausafjár getur verið á bilinu 0-50%.
- m) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu eftir tegundaflokkun og í heild. Leiðin fjárfestir að mestu í íslenskum krónum en markmið leiðarinnar er að hafa vægi í verðbréfum skráðum í erlendum gjaldmiðlum í 23% af heildarverðmæti leiðarinnar. Ekki hafa verið sett sér markmið varðandi gjaldmiðlasamsetningu einstakra tegundaflokka.
- n) Atvinnugreinaskipting. Varðandi skuldabréf er stefnt að fjárfestingu í innlendum og erlendum skuldabréfum með ríkisábyrgð en einnig traustum sveitarfélögum og stöðugum atvinnugreinum á borð við t.d. fjármálaþjónustu og fasteignarekstur. Hvað varðar erlend hlutabréf ræðst atvinnugreinaskipting af samsetningu heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI AC). Atvinnugreinaskipting á innlendum hlutabréfum ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni þar sem ákveðnar atvinnugreinar eru valdar fremur en aðrar.

Lífsvall 4

Virk stýring í innlánnum, ríkistryggðum skuldabréfum og hlutabréfum.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjárfestingarstefnu séreignarsparnaðar Lífsvalls 4. Ítarlegri tafla séreignarsparnaðar Lífsvalls 4 skv. tegundaflokkun 1. – 6. töluliðar 36. gr. laga nr. 129/1997 má sjá í fylgiskjali í viðauka fjárfestingarstefnunnar.

Eignaflokkur	Markmið 2021	Vikmörk
Lausafé	2%	0-50%
Skuldabréf	38,0%	20-100%
Ríkisskuldabréf	22%	0-70%
Fyrirtækjaskuldabréf	0%	0-20%
Skuldabréf lánastofnana	6%	0-30%
Skuldabréf sveitarfélaga	0%	0-20%
Erlend skuldabréf	4%	0-30%
Blandaðir skuldabréfasjóðir	6%	0-40%
Hlutabréf	60,0%	0-70%
Innlend hlutabréf	35%	0-70%
Erlend hlutabréf	25%	0-50%
Samtals	100,0%	

Markmið um erlendar eignir	29,0%	0-50%
-----------------------------------	--------------	--------------

Lífsvall 4 er ávöxtunarleið sem hefur það að markmiði að ná góðri ávöxtun til lengri tíma lítið. Leiðinni er stýrt með virkum hætti. Stefna leiðarinnar er að fjárfesta tæpum helmingi leiðarinnar í skuldabréfum, einkum íslenskum ríkisskuldabréfum og öðrum traustum innlendum skuldabréfum, auk innlána og skammtímabréfa. Heimild er til fjárfestingar í áhættusamari verðbréfum, s.s. hlutabréfum en hámarksfjárfesting leiðarinnar í hlutabréfum og sjóðum með áherslu á hlutabréf skal takmarkast við 70%.

Markmið sjóðsins er að eignir hans séu ávaxtaðar með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar að vel ígrunduðu máli og miða að því að hámarka virði eigna leiðarinnar að teknu tilliti til áhættu. Öflug greiningarvinna liggur að baki ákvörðunartöku um fjárfestingar. Á vikulegum fundum fjárfestingaráðs er farið yfir þróun á mörkuðum og þau tækifæri sem til staðar eru. Fundirnir leiða til reglulegs endurmats á eignasamsetningu leiðarinnar. Reynt er eftir fremsta megni að dreifa áhættu á eignaflokka sem hafa neikvæða fylgni og þar með áhættuminni fyrir safnið í heild. Gaumgæfilega er fylgst með áhættu ákveðna þátta svo sem á atvinnugreinar, gjaldmiðla og eignaflokka.

Umfjöllun um skilyrði 9 gr. rg. 916/2009:

- a) Ávöxtunarmarkmið leiðarinnar miðast við að ávöxtun sé ekki lakari en ávöxtun samanburðarvísitalna þeirra eignaflokka sem leiðin fjárfestir í. Ávöxtunarleiðin byggir á þeirri forsendu að ákjósanlegt sé að stefna að öruggri langtímaávöxtun með virkri stýringu innlendra og erlendra skuldabréfa og hlutabréfa. Áhætta leiðarinnar ræðst af flökki verðbréfa á markaði.
- b) Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum og innlánnum útgefnum af sama aðila skal ekki vera meiri en 20% af heildareignum leiðarinnar.
- c) Hámarksfjárfesting í fasteignatryggðum skuldabréfum skal ekki fara yfir 20%.
- d) Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra félaga skal ekki fara yfir 20%.
- e) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild hans (UCITS) er 25%.
- f) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra skal vera undir 20%.
- g) Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags skal ekki vera hærri en 25%.
- h) Hámarksfjárfesting í samtölu tveggja eða fleiri tegundaflokka hafi vörsluaðili sett sér slíkt markmið. Slíkt markmið hefur ekki verið sett annað en sjá má í töflunni hér að ofan.
- i) Heimild laga um notkun afleiða verður ekki nýtt af ávöxtunarleiðinni.
- j) Hlutfall eigna í virkri stýringu er 100% fyrir utan lausafé.
- k) Markmið um meðallíftíma skuldabréfa ræðst af vísitölum í viðmiði.
- l) Markmið um hlutfall lausafjár. Hlutfall lausafjár getur verið á bilinu 0-50%.
- m) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu eftir tegundaflokkun og í heild. Leiðin fjárfestir að mestu í íslenskum krónum en markmið leiðarinnar er að hafa vægi í verðbréfum skráðum í erlendum gjaldmiðlum í 29% af heildarverðmæti leiðarinnar. Ekki hafa verið sett sérmarkmið varðandi gjaldmiðlasamsetningu einstakra tegundaflokka.
- n) Atvinnugreinaskipting. Varðandi skuldabréf er stefnt að fjárfestingu í innlendum og erlendum skuldabréfum með ríkisábyrgð en einnig traustum sveitarfélögum og stöðugum atvinnugreinum á borð við t.d. fjármálaþjónustu og fasteignarekstur. Hvað varðar erlend hlutabréf ræðst atvinnugreina-skipting af samsetningu heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI AC). Atvinnugreina-skipting á innlendum hlutabréfum ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni þar sem ákveðnar atvinnugreinar eru valdar fremur en aðrar.

Fjárfestingarstefna
Lífsvaðs lífeyrissparnaðar fyrir árið 2026

Stjórn Lífsvaðs lífeyrissparnaðar hefur staðfest fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2026.

Nóvember 2025

Stjórn Lífsvaðs

Viðauki – fylgiskjöl FME

Hér fyrir neðan eru fylgiskjöl með fjárfestingarstefnu séreignaleiða þar sem fjárfestingarstefna hverrar leiðar byggir á tegundaflokkun 1. – 6. töluliðar 36 gr. laga nr. 129/1997 og markmið um samsetningu eigna skv. formi FME.

Lífsvál 1 – Fylgiskjal með fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna	Vikmörk lágmark	Vikmörk hámark	Viðmið
1. Eignaflokkur A.	0%	0%	0%
a. Fjármálagerningar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.	0%	0%	0%
b. Skuldabréf tryggt með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.	0%	0%	0%
2. Eignaflokkur B.	100%	100%	100%
a. Fjármálagerningar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.	0%	0%	0%
b. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.	100%	100%	100%
c. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggt skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnunarinnar Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.	0%	25%	0%
3. Eignaflokkur C.	0%	0%	0%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að viki fyrir öllum öðrum kröfum.	0%	0%	0%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).	0%	0%	0%
4. Eignaflokkur D.	0%	0%	0%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.	0%	0%	0%
b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	0%	0%
5. Eignaflokkur E.	0%	0%	0%
a. Hlutabréf félaga.	0%	0%	0%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	0%	0%
c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.	0%	0%	0%
6. Eignaflokkur F.	0%	0%	0%
a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neysluverðsvisitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.	0%	0%	0%
b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður.	0%	0%	0%
Samtals			100%
Skorður			
3 + 4 + 5 + 6 < 80%	0%	0%	0%
4 + 5 + 6 < 60%	0%	0%	0%
6 < 10%	0%	0%	0%

Lífsvæl 2 – fylgiskjal með fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna	Vikmörk lágmark	Vikmörk hámark	Viðmið
1. Eignaflokkur A.	10%	95%	45%
a. Fjármálagerningar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.	10%	75%	45%
b. Skuldabréf tryggt með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.	0%	20%	0%
2. Eignaflokkur B.	0%	90%	4%
a. Fjármálagerningar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.	0%	20%	2%
b. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.	0%	75%	2%
c. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggt skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.	0%	25%	0%
3. Eignaflokkur C.	0%	60%	15%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að viki fyrir öllum öðrum kröfum.	0%	20%	0%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).	0%	60%	15%
4. Eignaflokkur D.	0%	20%	0%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.	0%	20%	0%
b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	5%	0%
5. Eignaflokkur E.	0%	60%	36%
a. Hlutabréf félaga.	0%	20%	4%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	60%	32%
c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.	0%	0%	0%
6. Eignaflokkur F.	0%	0%	0%
a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neyslaverðsvísitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.	0%	0%	0%
b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður.	0%	0%	0%
Samtals			100%
Skorður			
3 + 4 + 5 + 6 < 80%	0%	140%	51%
4 + 5 + 6 < 60%	0%	80%	36%
6 < 10%	0%	0%	0%

Lífsvæl 3 – fylgiskjal með fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna	Vikmörk lágmark	Vikmörk hámark	Viðmið
1. Eignaflokkur A.	10%	95%	33%
a. Fjármálagæmingar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.	10%	75%	33%
b. Skuldabréf tryggt með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.	0%	20%	0%
2. Eignaflokkur B.	0%	90%	2%
a. Fjármálagæmingar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.	0%	20%	0%
b. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.	0%	50%	2%
c. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggt skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.	0%	20%	0%
3. Eignaflokkur C.	0%	60%	20%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum.	0%	20%	0%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).	0%	60%	20%
4. Eignaflokkur D.	0%	20%	0%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.	0%	20%	0%
b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	5%	0%
5. Eignaflokkur E.	0%	60%	45%
a. Hlutabréf félaga.	0%	40%	10%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	60%	35%
c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.	0%	0%	0%
6. Eignaflokkur F.	0%	0%	0%
a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neysluverðsvisitölur, verðbréfavisitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.	0%	0%	0%
b. Aðrir fjármálagæmingar, þó ekki afleiður.	0%	0%	0%
Samtals			100%

Skorður			
3 + 4 + 5 + 6 < 80%	0%	140%	65%
4 + 5 + 6 < 60%	0%	80%	45%
6 < 10%	0%	0%	0%

Lífsvæl 4 – fylgiskjal með fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna	Vikmörk lágmark	Vikmörk hámark	Viðmið
1. Eignaflokkur A.	0%	90%	22%
a. Fjármálagæmingar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.	0%	70%	22%
b. Skuldabréf tryggt með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.	0%	20%	0%
2. Eignaflokkur B.	0%	90%	2%
a. Fjármálagæmingar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.	0%	20%	0%
b. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.	0%	50%	2%
c. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggt skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnunarinnar Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.	0%	20%	0%
3. Eignaflokkur C.	0%	60%	30%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum.	0%	20%	5%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).	0%	60%	25%
4. Eignaflokkur D.	0%	20%	0%
a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.	0%	20%	0%
b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	5%	0%
5. Eignaflokkur E.	0%	60%	46%
a. Hlutabréf félaga.	0%	40%	20%
b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	0%	60%	26%
c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.	0%	0%	0%
6. Eignaflokkur F.	0%	0%	0%
a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neysluverðsvísitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.	0%	0%	0%
b. Aðrir fjármálagæmingar, þó ekki afleiður.	0%	0%	0%
Samtals			100%

Skorður			
3 + 4 + 5 + 6 < 80%	0%	140%	76%
4 + 5 + 6 < 60%	0%	80%	46%
6 < 10%	0%	0%	0%